

Umsögn um þingskjal 1100 — 672. mál.

Sendendur:

Þorsteinn Péturson 120353 7629

Guðmundur Aðalsteinsson 300352 7669

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar (sameining stofnana).

II. KAFLI

Breyting á lögum um landshlutaverkefni í skógrækt, nr. 95/2006.

3. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf skal Skógræktin eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til skógræktar á lögbýlum í öllum landshlutum, **stefnt skal að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli**

Greinargerð:

Við óskum eftir að markmiðum eldri laga verði haldið inni í frumvarpinu. Til að skógar geti talist auðlind, þarf stærð þeirra að ná einhverju marki, sem hefur ekki verið skilgreind á annan hátt en segir í lögum nr. 95 /2006.

4. gr.

3. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Skógrækt á lögbýlum.

Skógræktinni ~~er heimilt~~ **skal** eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni að veita fé til skógræktar á lögbýlum.

Í stað orðanna „er heimilt“ komi orðið skal, samanber 3. gr., við teljum orðalagið annars of opið.

6. gr.

5. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Samráð.

Skógræktin skal hafa samráð við Félag skógarbænda á viðkomandi svæði varðandi áherslur og framkvæmd skógræktar á lögbýlum og skal fundað í þeim tilgangi eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skógræktin skal leita ~~umsagnar~~ **samþykkis** Landssamtaka skógareigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykkts kostnaðar.

Greinargerð:

Að skapa skógarauðlind er verkefni fleiri en einnar kynslóðar.

Það er greinilegt að með þessu frumvarpi hafa skógarbændur lykilhlutverki að gegna við framkvæmdir og framgang skógræktar, því þurfa þeir að búa við sambærileg kjör annarra stétta, og hafa viðurkennda samningsstöðu.

Það að skapa skógarauðlind, sem á að geta orðið undirstaða uppbyggingar atvinnustarfsemi, verður að horfa á sem alvöru atvinnugrein strax í upphafi.

Varðandi 11.gr.

Það er gott að sjá hvernig staðið er að starfsöryggi starfsmanna Sr. og Lv.h. við þessar breytingar, það er ósk okkar skógarbænda, að störf okkar og hagsmunir lúti sambærilegrar velvildar.